

## Stjórnarfundur 272

### FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
25.03.2022	Fundarsalur NO 4.hæð	<a href="#">Stjórnarfundur 272</a>
Fundarritari	Fundartími	
Helgi Jóhannesson	10:00 – 12:07	
Fundarmenn	Fjarverandi	
Hlynur Jóhannsson, Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Víðir Benediktsson, Þórhallur Jónsson, Björg Erlingsdóttir, Helgi Jóhannesson og Halla Bergþóra Halldórsdóttir	Geir Kristinn Aðalsteinsson, Eva Hrund Einarsdóttir, Gunnur Ýr Stefánsdóttir	
Í fjarfundi:		
Erla Björg Guðmundsdóttir, Stefán H. Steindórsson, Vigfús Ingi Hauksson		
Aðrir, gestir á fundi		
Á fundinn mætti Magnús Kristjánsson frá KPMG undir liðum 1 og 2.		

Stjórnarformaður Norðurorku hf., Hlynur Jóhannsson setti fund og stjórnaði

1. **Ársreikningur Norðurorku og undirbúningur aðalfundar**
2. **Fallorka ehf., aðalfundur og eigendastefna**
3. **Skógarböð ehf**
4. **Samstarf við Dalvíkurbyggð**
5. **Verðskrá rafveitu**
6. **Hrafnabjargavirkjun**
7. **Önnur mál**

1. **Ársreikningur Norðurorku og undirbúningur aðalfundar**

Lagður var fram endurskoðaður ársreikningur Norðurorku hf. fyrir rekstrarárið 2021. Ársreikningur Norðurorku er samstæðureikningur með dótturfélaginu Fallorku ehf. Að ósk stjórnarformanns fór Magnús Kristjánsson frá KPMG yfir ársreikninginn og skýrði í forföllum endurskoðanda.

Helstu niðurstöðutölur eru: Rekstrartekjur kr. 4.319.032 þúsund. Rekstrargjöld kr. 3.395.094 þúsund. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda kr. 923.938 þúsund. Fjármagnsliðir eru neikvæðir um kr. 351.933 þúsund. Hagnaður fyrir tekjuskatt kr. 617.906 þúsund. Tekjuskattur er 71.850 þúsund. Hagnaður ársins er kr. 546.056 þúsund. Veltufé frá rekstri kr. 1.598.380 þúsund. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBIDTA) er kr. 1.791.015 þúsund. Heildarefnahagur kr. 21.151.363 þúsund. Eigið fé kr. 12.809.529 þúsund. Rekstraráætlun samstæðu Norðurorku gerði ráð fyrir kr. 393.363 þúsund hagnaði á árinu 2021 fyrir áhrif hlutdeildarféлага og skatta. Rekstrarkostnaður samstæðunnar utan afskrifta er á svipuðu róli þriðja árið í röð.

Þá lá einnig fyrir endurskoðunarskýrsla frá KPMG ehf. sem Magnús fór yfir. Ekkert óvænt eða óvenjulegt kemur fram í skýrslunni. Áritun endurskoðanda í ársreikningi er án fyrirvara.

Ákveðið var að leggja til við aðalfund að greiða 15% arð af hlutafé og að stjórnarlaun verði kr. 100.000,- fyrir aðalmann og kr. 50.000,- fyrir setinn fund af varamanni, annars er vísað til fyrirliggjandi tillögu stjórnar til aðalfundar. Aðalfundur félagsins verður haldinn fimmtudaginn 31. mars kl. 13:00 í Menningarhúsinu Hofi.

**Stjórn samþykkir reikninginn með áritun sinni og að leggja hann fyrir aðalfund Norðurorku hf. Jafnframt samþykkir stjórn að leggja fyrir aðalfund ofangreinda tillögu um arðgreiðslu og stjórnarlaun fyrir komandi starfsár.**

2. **Fallorka ehf., aðalfundur og eigendastefna**

Farið var yfir drög að eigendastefnu og tilheyrandi breytingar á samþykktum Fallorku. Hvorutveggja verður borið upp á aðalfundi Fallorku sem áætlað er að halda 29. mars nk. kl. 16:00.

**Stjórn samþykkir framkomin drög að eigendastefnu og tilheyrandi breytingar á samþykktum og að leggja þau fyrir aðalfund Fallorku.**

Á aðalfundinum mun stjórnarformaður Norðurorku hf., fyrir hönd eiganda undirrita samþykktirnar en stjórn Fallorku eigendastefnuna. Stjórn Fallorku er óbreytt frá síðasta hluthafafundi félagsins sem haldinn var þann 21. desember 2021.

**Stjórn samþykkir að bera fram tillögu um að stjórnarlaun í Fallorku fyrir aðalmann verði kr. 60.000,- og fyrir setinn fund varamanns kr. 40.000,-, að öðru leyti er vísað til tillagna stjórnar fyrir aðalfund Fallorku.**

### 3. Skógarböð ehf

Í viljayfirlýsingu sem gerð var milli Norðurorku hf., og Skógarbaða ehf., í aðdraganda uppbyggingu Skógarbaða, er kveðið á um að Norðurorku sé heimilt að kaupa 5% hlutafjár í Skógarböðum. Hluthafar í Skógarböðum hafa nú óskað eftir afstöðu Norðurorku til kaupa á umræddu hlutafé en jafnframt lýst því yfir að þeir séu tilbúnir að taka allt hlutaféið ákveði Norðurorka að falla frá heimild sinni.

**Stjórn ákvað eftir umræður, ekki síst í ljósi þess að tveir aðalmenn voru forfallaðir, að fresta ákvörðun sinni og taka málið upp á næsta fundi stjórnar.**

### 4. Samstarf við Dalvíkurbyggð

Forstjóri sagði frá fundi hans og stjórnarformanns með fulltrúum Dalvíkurbyggðar nýverið. Jafnframt kynnti forstjóri drög að bréfi til Dalvíkurbyggðar þar sem óskað er samstarfs og samvinnu um jarðhitasvæðið á Birnunesborgum. Ósk um samstarf byggir á samstarfssamningi veitnanna sem undirritaður var árið 2016 þegar Norðurorka keypti jarðhitaréttindi nokkurra jarða ásamt því að taka við rekstri hitaveitu í Ytri-Vík.

**Stjórn fór yfir efni bréfsins og ákvað að forstjóri og sviðsstjóri veitu- og tæknisviðs yrðu fulltrúar Norðurorku í vinnuteymi sem stofnað verður um málið.**

### 5. Verðskrá rafveitu

Síðastliðin áramót áætlaði Landsnet að lækka flutningsverðskrá sína til dreifiveitna til samræmis við að hluti flutningsgjalda félli á raforkuframleiðendur. Tekjur Landsnets héldust þannig óbreyttar. Orkustofnun féllst ekki á breytingarnar á þeim tíma. Nú er Landsnet heimilað að útfæra breytinguna frá 1. apríl nk. Í því ljósi lækkar flutningskostnaður dreifiveitu Norðurorku u.þ.b. um 15 aura pr. Kwh. eða u.þ.b. 1,8% af heildaverði notanda. Tillaga forstjóra er að hækka verðskrár dreifiveitu Norðurorku um lækkun Landsnets þ.e. grunntaxta um 3,5% frá sama tíma, það er frá 1. maí að telja. Tekjumörk Orkustofnunar heimila hækkunina enda hefur Norðurorka ekki nýtt sér rýmd tekjumarka og því verið "klippt" af ónýttar heimildir. Endanlegt grunnverð á almenna dreifingu rafmagns yrði þá 4,35 kr/Kwh og endanlegt verð með sköttum og jöfnunargjaldi 8,20 kr/kwh þ.e. sama verð og áður. Eins yrði farið með aðra taxta dreifiveitu Norðurorku. Helstu ástæður hækkunar eru m.a. að núverandi gjaldtaka dekkar ekki flutningskostnaðinn að fullu, framlegð dreifiveitunnar telst of lág, mikil verkefni eru framundan sem og að ný framkomid virðisrýrnunarpróf Deliotte á dreifiveitunni, bendir til að tekjur veitunnar (frjálst fjárflæði) standi rétt undir bókhaldslegu virði veitunnar.

**Stjórn samþykkir framkomna tillögu og að senda Orkustofnun ofangreinda ákvörðun til umsagnar.**

6. **Hrafnabjargavirkjun**

Forstjóri sem jafnframt er stjórnarformaður Hrafnabjargavirkjunar hf., kynnti ályktun/umsögn aðalfundar Hrafnabjargavirkjunar við þingsályktun Rammaáætlunar 3 sem lögð var fram á Alþingi nýverið. **Til kynningar**

7. **Önnur mál**

Ekki komu fram önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:07